



AFÞREYINGARBÓKMENNTIR

ÍSLE2AÞ05

Fjölbrautaskóli
Suðurlands

Kennsluáætlun haustönn 2017

Kennari:

Jón Özur Snorrason (JÖS)

Áfangalýsing

Fjallað um AFÞREYINGARBÓKMENNTIR í sem víðustum skilningi, í ljósi fortíðar og nútíðar, frásagnarhefðar og sagnaskemmtunar, dægurlagatexta og myndabóka svo nokkuð sé nefnt: fornaldarsögur, ævintýri, þjóðsögur, rímur, sagnadansar, sveitasögur, ástarsögur, glæpa- og sakamálasögur, teiknimyndir, textar við dægurlög, hrollvekjur, best sellers og ýmiss konar seríur í bóka, blaða, tímarita eða á rafrænu formi. Fjallað um einkenni þessarar bókmenntategundar og reynt að finna út hvað skýrir vinsældir afþreyingabókmennta og um leið af hverju þær njóta ekki sömu virðingar og fagurbókmenntir. Lesin verða nokkur verk í bundnu sem óbundnu máli sem gætu hugsanlega flokkast undir afþreyingarbókmenntir. Einnig verður kvikmyndum (B-myndum og Cult myndum) ásamt þáttaséríum gefinn augastaður. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli. Gert er ráð fyrir leikhúsferð eða bíóferð á önninn sem hluta af námsmati.

Markmið áfangans

Þekkingarmarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- áhrifum bókmenntagreinarinnar á menningu í nútímanum
- formi og umfjöllunarefni afþreyingarbókmennta
- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- afþreyingarbókmenntum í sögulegu ljósi
- siðferðisgildum bókmenntagreinarinnar
- málfari og orðaforða afþreyingarbókmennta

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja af nokkru öryggi niðurstöður sínar frammi fyrir hópi
 - nota á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
 - lesa sér til gagns bókmenntaverk ásamt fræðitextum um afþreyingarbókmenntir
 - beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram
 - draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og tengja við eigin skoðanir
-

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna skapandi verkefni í tengslum við menningu og formgerð afþreyingarbókmennta
- taka þátt í málaefnalegum umræðum, tjá afstöðu og komast að niðurstöðu
- túlka texta afþreyingarbókmennta og greina merkingu undir yfirborðinu
- átta sig á bókmenntagreininni í tengslum við aðrar bókmenntagreinar
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti

Sameiginlegt lesefni:

- *Þýska húsið* eftir Arnald Indriðason.
- *Dalalíf* eftir Guðrúnu frá Lundi.
- *Bósa saga og Herrauðs* (<https://www.snerpa.is/net/index.html>).
- Valdar íslenskar þjóðsögur (<https://www.snerpa.is/net/index.html>).
- Valdir íslenskir dægurlagatextar á vef.
- Ýmislegt efni í ljósriti, á Moodle og á vef.

Námsmat:

- 40% Próf og verkefni úr sameiginlegu lesefni.
- 5% Leikhúsfærð / bíóferð (greinargerð, gagnrýni, ferðasaga)
- 35% Ýmis skilaverkefni, umræður, flutningur, margvísleg ritun og próf.
- 20% PERSÓNULEG MAPPA með glósum úr kennslustundum, hugleiðingum ykkar (í tengslum við efni áfangans) sem sýnir sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, hvað þið hafið lært og skilið í áfanganum, hvað þið hafi gert og hvað eftir situr. Hugsunin á bak við þessa skilamöppu er að þið séuð virk í tímum og skrifandi. Óskað er eftir lifandi og skapandi möppu, myndrænni (með textum og myndum) sem lýsir vel summunni af ykkur (hverju og einu) og tengslum ykkar við efni áfangans : -)

Tímaáætlun og yfirferð efnis:

Vinnuáætlun

Vika	Virkir dagar	Viðfangsefni kennslustundanna
33	17. – 18. ágúst	Kynning á efni og fyrirkomulagi áfangans.
34	21. – 25. ágúst	Hvað er afþreying og hvað eru afþreyingarbókmenntir? Unnið með bókmenntahugtök. Lestur greina, rannsókn (skoðanakönnun) og niðurstaða. Hvað ræður skiptingunni í afþreyingarbókmenntir og fagurbókmenntir?
35	28. ág – 1. sept.	Afþreying og afþreyingarbókmenntir til forna. Hvernig skemmtu forfeður okkar sér? Hvað eru fornaldarsögur og sagnaskemmtun?
36	4. – 8. sept.	Fornaldarsagan <i>Bósa saga og Herrauðs</i> lesin og greind. Umræður, próf, verkefni og ritun.

37	11. – 15. sept.	Úr Bósa sögu yfir í þjóðsögur. Hvað eru þjóðsögur og hvernig verða þær til? Hvert er hlutverk þeirra og skemmtanagildi? Valda íslenskar þjóðsögur lesnar. Umræður, próf, verkefni og ritun.
38	18. – 22. sept.	Áfram með þjóðsögur og grúskað í bönnuðum bókmenntum fyrri tíma: kersknívísur og afmorsvísur (skop og klám). Spyrja má af hverju vilja yfirvöld (kirkjuleg yfirvöld) banna ákveðna gerð af bókmenntum?
39	25. – 29. sept.	Sveitasagan og hylli almennings. DALALÍF eftir Guðrúnu frá Lundi. Umræður, próf, verkefni og ritun.
40	2. – 6. okt.	DALALÍF eftir Guðrúnu frá Lundi. Umræður, próf, verkefni og ritun. Áfangamessa í FSu.
41	9. – 13. okt.	DALALÍF eftir Guðrúnu frá Lundi. Umræður, próf, verkefni og ritun. Miðannarmat í FSu og haustfrí 12. og 13. október.
42	16. – 20. okt.	Ástarsögur á öllum tímum. Horft á valda kvikmynd og umræður.
43	23. – 27. okt.	Dægurlagatextar og teiknimyndir. Rannsókn, umræður og verkefni.
44	30. okt – 3. nóv.	Dægurlagatextar og teiknimyndir. Rannsókn, umræður og verkefni.
45	6. – 10. nóv.	Glæpasögur og spennusögur. Skilgreiningar og rannsókn. Horft á valda kvikmynd.
46	13. – 17. nóv.	ÞÝSKA HÚSIÐ eftir Arnald Indriðason.
47	20. – 24. nóv.	ÞÝSKA HÚSIÐ eftir Arnald Indriðason.
48	27. nóv – 1. des	ÞÝSKA HÚSIÐ eftir Arnald Indriðason.
49	4. – 7. des.	Samantekt og annarlök.

Verkefnaskil:

- Um SÍMATSÁFANGA er að ræða og skal skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.
- Geti nemendur ekki einhverra ástæðna vegna mætt í kennslustund bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara.
- Nemendur sem mæta að jafnaði ekki í kennslustundir af einhverjum völdum þurfa að þreyta lokapróf auk verkefnaskila.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle-kennsluumsjónarkerfið og þurfa að fylgjast með því sem þar fer fram.
- Nemandi sem missir af prófi vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því. Ekki er um annan próftíma að ræða en þann auglýsta. Sjúkrapróf er tekin í annarlök.
- Notkun síma og samsvarandi tíma er ekki heimil í kennslustundum nema í tengslum við námið. Ítrekuð óleyfileg notkun slíkra tækja samsvarar fjarvist.

Selfossi, 18. ágúst 2017.

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða mætingu.

Jón Özur Snorrason

